# Ný viðmið um iðnmeistaranám

## Menntadagur iðnaðarins

10. febrúar 2010

Kristrún Ísaksdóttir

# Drög að nýrri námskrá iðnmeistaranáms

- Til kynningar á vefsvæði MMRN til 26. mars n.k. http://www.menntamalaraduneyti.is/

- Leysir af hólmi námskrá iðnmeistaranáms 1996, fyrstu heildarnámskrá sem sett var fyrir iðnmeistaranám hér á landi.

# Námskrárdrögin byggja á

- ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978
- ákvæðum laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla
- skýrslu vinnuhóps ráðuneytis og starfsgreinaráða, nóv. 2007 um umfang, áherslur og sameiginlega grunnþætti í iðnmeistaranámi.

# Námskrárþróun í kjölfar framhaldsskólalaga

- áhersla á ***lærdómsviðmið***, þ.e. afrakstur námsins (learning outcomes)
- þróun ***viðmiðaramma*** um íslenska menntun með hliðsjón af Evrópurammanum (EQF)
- ***sniðmát*** um gerð námsbrauta sem á að tryggja að nám sé skilgreint á *réttu* hæfniþrepi
- ***fein.*** = nýjar námseiningar í framhaldsskóla sem byggja á vinnu nemenda

# Hæfniþrep í viðmiðaramma um menntun á framhalds- og háskólastigi

- Fyrstu þrjú í framhaldsskóla
- Efstu þrjú í háskóla
- Fjórða þrepið á mörkum skólastiganna
  - starfstengt : viðbótarnám í framhaldsskóla, m.a. ***iðnmeistaranám*** (fagháskólastig)
  - fræðilegt: framhaldsnám á háskólastigi (t.d. diplomanám)

# Í fyrirliggjandi námskrárdrögum er

- tekið mið af öllum framangreindum nýmælum í anda framhaldsskólalaga og einkum lýst
  - meginmarkmiðum
  - ramma námsins og umfangi
  - viðmiðum og meginlínum
  - sameiginlegum grunnþáttum
- lögð áhersla á sveigjanleika

# Meginmarkmið iðnmeistaranáms

Iðnmeistarinn öðlist þekkingu, leikni og hæfni til

- að stofna og reka iðnfyrirtæki
- að gegna helstu stjórnunarhlutverkum í slíku fyrirtæki
- að annast skipulagningu, framkvæmd og mat á námi og kennslu iðnnema á vinnustað samkvæmt námssamningi

# KJARNI IÐNMEISTARANÁMS



# Umfang og áherslur

- Umfang getur verið nokkuð sveigjanlegt eftir aðstæðum og námsþörfum einstakra iðngreina.
- Alla jafna ein önn í fullu námi eða tvær annir með vinnu. (20-30 fein. )
- Auk sameiginlegra grunnþátta  (12 fein. ) er gert ráð fyrir dýpkun skv. tillögum starfsgreinaráðs (8-18 fein.). Flest starfsgreinaráð hafa þegar gert upp hug sinn með áherslur í þeim greinum
- Lögð áhersla á að námið sé verkefnamiðað og tengt við raunhæfar aðstæður í iðnfyrirtæki

# Námsbrautalýsingar

1. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú lagt fram námskrárramma sem á að leiðbeina um framhaldið
2. Skólar eða aðrir fræðsluaðilar, sem hyggjast bjóða fram iðnmeistaranám fyrir einstakar iðngreinar eða iðngreinaflokka, vinnur verkið til enda í samráði við fagaðila … og
3. leita eftir staðfestingu ráðuneytisins á viðkomandi námsbrautarlýsingum. … og
4. ráðuneytið staðfestir að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og birtir sem hluta af aðalnámskrá

# Að lokum

- Ég hvet alla til að kynna sér námskrárramma iðnmeistaranáms á slóðinni
- http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar//nr/306
- og senda inn athugasemdir sínar og ábendingar fyrir 26. mars 2010.